

**34. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
24. júlí 2018 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Benedikt Davíð Hreggviðsson (BDH) og
Aðalsteinn Magnússon (AM).

Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, byggingafulltrúi

Dagskrá:

**1. Umsögn: Fw: Óskað er eftir umsögn og undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó
vegna deiliskipulags - 1803006**

Á 527. fundi hreppnefndar Tálknafjarðar þann 18. júlí 2018 var erindi um umsögn og undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó vegna deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði fisk- og seiðaeldis í landi Innstu Tungu vísað til byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar. Fyrir liggur umsögn Skipulagsstofnunar dags. 14. mars 2018 þar sem talið er að forsendur séu fyrir því að undanþága verði veitt. Jafnframt liggur fyrir umsögn Vegagerðarinnar dags. 14. júní 2018 þar sem óskað er eftir að tryggt verði að lágmarksákvæði veghönnunarreglna verði uppfyllt.

Byggingar-, skipulags og umhverfisnefnd leggur til að deiliskipulagstillagan taki tillit til umsagnar Vegagerðarinnar þannig að tenging að Tungusilungi verði lagfærð. Umsögn hefur ekki borist frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og er málinu því frestað.

2. Úrbætur: krafa um úrbætur vegna kaldavatnsinntaks - 1711005

Á 572. fundi hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps þann 18. júlí 2018 var tekið fyrir erindi frá Hlynri Ársælssyni Péturssyni dags. 22. október 2017 þar sem farið er fram á endurbætur á vatnsveitu í efri byggð við Strandgötu. Lítill þrýstingur er á vatninu og það er einnig óhreint.

Hreppnefnd vísar erindinu til Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar og óskar eftir tillögu til úrbóta á vatnsgæðum og vatnsþrýstingi vegna húsa við Strandgötu hið fyrsta.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir að byggingafulltrúi geri kostnaðaráætlun á lagningu vatnslagnar eftir Strandgötu í samræmi við umræður á fundinum. Jafnframt lagt til að lagður verði ljósleiðari samhliða framkvæmdinni.

3. Vatn: Krafa um úrbætur vegna kaldavatnsinntaks - 1801040

Á 572. fundi hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps þann 18. júlí 2018 var tekið fyrir að nýju erindi frá Konráði Péturssyni dags. 22. október 2017 þar sem farið er fram á endurbætur á vatnsveitu í efri byggð við Strandgötu. Lítill þrýstingur er á vatninu og það er einnig óhreint.

Hreppnefnd vísar erindinu til Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar og óskar eftir tillögu til úrbóta á vatnsgæðum og vatnsþrýstingi vegna húsa við Strandgötu hið fyrsta.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir að byggingafulltrúi geri kostnaðaráætlun á lagningu vatnslagnar eftir Strandgötu í samræmi við umræður á fundinum. Jafnframt lagt til að lagður verði ljósleiðari samhliða framkvæmdinni.

4. fráveitumál: fyrir Tunguland 2 - 1806008

Á 527. fundi hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps þann 18. júlí 2018 var tekið fyrir erindi frá Dagnýju Öldu Steinsdóttur dags. 7. júní 2018 þar sem óskað er eftir að Tunguland 2 verði tengt fráveitu Tálknafjarðarhrepps. Erindinu vísað til Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar.

Byggingar-, skipulags og umhverfisnefnd óskar eftir að byggingarfulltrúi ræði við umsækjanda um kostnað við að tengast fráveitu bæjarfélagsins.

5. Gámasvæði í Tálknafirði - 1807029

Stöðuleyfi fyrir gáma í sveitarféluginu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að sveitarstjóri sendi út dreifibréf til íbúa og fyrirtækja þar sem óskað er eftir að eigendur gáma í sveitarféluginu sæki um, eða endurnýji stöðuleyfi fyrir gáma.

6. Umsókn um byggingarleyfi. - 1307005

Tekið fyrir að nýju byggingarleyfisumsókn frá Bjarna Jónssyni kt. 220672-3609 þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir bílskúr við Miðtún 7, landnúmer 140321. Erindinu fylgja teikningar frá teiknistofunni GINGI, samþykki nágranna ásamt undirritun byggingarstjóra og byggingarmeistara.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir bílskúr við Miðtún 7 skv. teikningum frá teiknistofunni Gingi dags. í maí 2009 og felur byggingarfulltrúa að ganga frá málínus.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Benedikt Davíð Hreggviðsson
(BDH)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Jóhann Birkir Helgason (JBH)